



## Hreppsnefnd 22.03.07

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 22. mars 2007  
í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Vigfús Davíðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 1. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 1. mars sl.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar frá 8. mars sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðarinnar og gerði grein fyrir erindisbréfi nefndarinnar sem nefndin mælir með að verði staðfest.

Jafnframt ræddi hann um mál undir 3. tl., þar sem fjallað er um morgunopnun íþróttahúss. Gerði hann grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að þeim málum.

Ennfremur fór hann yfir tillögu nefndarinnar um stofnun sérstaks styrktarsjóðs, sem hefur það að markmiði að styrkja ungt fólk á sviði æskulýðs- og íþróttamála.

Hreppsnefnd mælir með því að æskulýðs –og íþróttanefnd vinni áfram að málinu í samvinnu við við fulltrúa þeirra félaga er sinna æskulýðs -og íþróttamálum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða tillögu æskulýðsnefndar um staðfestingu á erindisbréfi nefndarinnar.

3. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 13. mars sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 13. mars sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál. Lýðheilsustöð-Vopnafjarðarhreppur, verkefnið “Allt hefur áhrif einkum við sjálf.” Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 1. mars sl.

Tekin fyrir að nýju markmiða- og aðgerðaáætlun 2006-2008 í verkefninu “Allt hefur áhrif einkum við sjálf”.

Nokkur umræða var um málið og lýstu fundarmenn almennt ánægju með verkefnið.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrirliggjandi áætlun.

5. mál. Bréf Siglingastofnunar dags. 28. feb. sl. varðandi mat á dýpkunarþörf í Vopnafjarðarhöfn. Lögð fram bréf Vopnafjarðarhepps til Siglingastofnunar dags. 14. feb. sl. og bréf Siglingastofnunar frá 28. feb. sl.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Jafnframt greindi hann frá því hvaða meðhöndlun mál fengu við endanlega afgreiðslu samgönguáætlunar og lagði fram gögn í því sambandi.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að láta bjóða verkið út á grundvelli minnisblaðs Siglingastofnunar frá 28. feb. sl. Ljóst er þó að miðað við kostnaðaráætlun Siglingastofnunar kann

að vanta fjármagn til endanlegrar lúkningar á verkinu.

6. mál. Bréf dags. 10. mars sl. frá Baldri Friðrikssyni lækni og Kristínu Reynisdóttur, hjúkrunarfræðingi, varðandi rekstur ljósalampa.

Lagt fram bréf, dags. 10. mars sl., frá Baldri Friðrikssyni lækni og Kristínu Reynisdóttur hjúkrunarfræðingi, þar sem hvatt er til þess að sveitarfélagið endurskoði rekstur ljósalampa í húsnæði sveitarfélagsins.

Gerði oddviti grein málinu og rekstri lampanna í íþróttahúsinu, en slík þjónusta hefur verið til staðar um margra ára skeið, enda þessi þjónusta ekki verið í boði einkaaðila í sveitarfélaginu.

Í íþróttahúsinu og við lampana hafa hangið uppi leiðbeiningar m. a. frá Geislavörnum ríkisins um það hvernig nota eigi lampa af þessu tagi. Í þessum leiðbeiningum kemur skýrt fram að notkun ljósalampa í óhófi er ekki af hinu góða.

Fundarmenn lýstu síðan sjónarmiðum sínum.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd telur ekki eðlilegt að hætta þessum þjónustupætti, þar sem enginn einkaaðili býður upp á þjónustu af þessum toga í sveitarfélaginu. Lögð verði áhersla á að kynna vel fyrir neytendum skaðleg áhrif sé ekki staðið rétt að notkun ljósanna. Hreppsnefnd bendir einnig á upplýsingar um þessi mál á heimasíðu Geislavarna ríkisins.”

Björn Halldórsson bar upp svofellda munnlega tillögu: “Ég legg til að rekstri ljósalampa í íþróttahúsinu á vegum sveitarfélagsins verði hætt og bekkirnir seldir”.

Því næst var gengið til atkvæða um tillögu Björns.

Tillagan felld með 4 atkvæðum gegn 3.

Að því búnu var gengið til atkvæða um tillögu meirihlutans og var hún samþykkt með 4 atkvæðum gegn 2, einn sat hjá.

7. mál. HB Grandi, aðalfundur föstudaginn 23. mars nk. – Umboð -

Aðalfundur HB Granda verður haldinn föstudaginn 23. mars nk. kl.17.00 í matsal fyrirtækisins að Norðurgarði, Reykjavík.

Samþykkt að fela Þorsteini Steinssyni, sveitarstjóra að fara með atkvæðisrétt Vopnafjarðarhrepps og Skiphólma ehf. á fundinum.

8. mál. Bréf Lánasjóðs Sveitarfélaga dags. 7. mars sl., drög að stofnsamningi.-

Ársfundur Lánasjóðs sveitarfélaga verður haldinn föstudaginn 23. mars nk. kl. 15.30 í Borgartúni 6, Reykjavík.

Samþykkt að Anna Pála Víglundsdóttir fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum og hafi þar með heimild til að undirrita stofnsamning f. h. sveitarfélagsins, sem liggur fyrir fundinum.

9. mál. Innflytjendamál. Fjölmennningarlegt samfélag á Austurlandi.

Lögð fram tillaga minnihlutans frá 1. mars sl. varðandi málefni innflytjenda. Gerði Björn nánari grein fyrir tillögu minnihlutans.

Jafnframt lagt fram bréf SSA, þar sem greint er frá skýrslu sem unnin hefur verið varðandi þjónustu við innflytjendur og leiðir að fjölmennningarlegu samfélagi á Austurlandi. Skýrsla þessi var unnin í samvinnu sveitarfélaganna á Austurlandi með það í huga að leysa þessi mál á sem heilstæðastann hátt á svæðinu öllu.

SSA mun kynna skýrsluna fyrir sveitarfélögum, atvinnurekendum, innflytjendum o. fl. á næstunni. Allmikil umræða átti sér stað um málefnið. Samþykkt að vinna út frá skýrslu SSA og óska eftir því við SSA að hún verði kynnt sem best.

10.mál. Ýmis bréf og fundargerðir:

a) Erindi yfirkjörstjórnar frá 13. mars sl., vegna komandi Alþingiskostninga, sem fram eiga að fara

12. maí n. k. Kjörstjórn verður sú sama og við síðustu sveitarstjórnarkosningar.

b) Stuðningsyfirlýsing SSA við Vestfirðinga og landsbyggðina.

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð stjórnar skólaskrifstofu Austurlands frá 8. mars sl.

Lögð fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.00